

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum 96
nokkurra presta. 21. sept.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 6. þ. m., og ósk hlutaðeiganda hefir stjórnarráðið fallist á, að eftirnefndir prestar, frá fardögum síðastliðnum að telja, taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta:

1. Síra Guttormur Vigfússon í Stöðvarprestakalli.
2. Síra Jakob Björnsson í Saurbæjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
3. Síra Jón Þorsteinsson í Möðruvallaprestakalli.
4. Síra Kristján Eldjárn Þórarinnsson í Tjarnarprestakall í Svarfaðardal.
5. Síra Valdimar Briem í Stóranúpsprestakalli.

Þessir prestar allir eru í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Seyðisfirði um toll af 97
piparmyntukökum. 22. sept.

Útaf brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dagsettu 20. júlí þ. á., þar sem þjer spyrjist fyrir um það, hvort greiða skuli toll af piparmyntukökum, sem flust hafa til Thostrups verslunar á Seyðisfirði, þá verður stjórnarráðið að vera yður samdóma um það, að orðin í 14. lið 1. gr. tolllaganna frá 31. mars 1909 »af öllum brjóstsykur og konfekttegundum« sjeu svo víðtæk, að piparmyntukökur eigi að falla undir þau, og að piparmyntukökur eigi því að tolla eftir þeim lið í 1. gr. tjeðra laga.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um skilning á lögum nr. 40, 98
30. júlí þ. á., um sóknargjöld að því er snertir afnám svo nefndra 27. sept.
Mariu- og Pjeturslamba.

Með brjefi, dags. 20. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að presturinn að Dvergasteini spyrjist fyrir um það, hvort með hinum nýju lögum um sóknargjöld sjeu ekki afnumin aukalambsfóður sem á aðaljörðum hvíla í sumum sóknum, þar á meðal í Klippstaðasókn í Dvergasteinsprestakalli, hin svo nefndu Mariu- og Pjeturslömb.

Útaf þessu er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að þareð gjald þetta, eins og þjer líka takið fram, í eðli sínu er kvöð á jörðum þeim, er það er goldið af, að sumu leyti eins og prestsmata, þá getur það ekki komið til mála, að kvöð þessi sje afnumin með hinum nýju sókn-

98 argjaldalögum, og hefir það í þessu tilliti enga þýðingu, þótt fódurkvöð þessi í 27. sept. mati brauðanna hafi verið talin undir sóknartekjum eða eins og í Klippstaðasókn slengt saman við önnur lambsfóður.

Að endingu skal því við bætt, að þartil gefnu tilefni í nefndu brjefi yðar, að þareð iskyld þessi verður að teljast notuð af prestinum sjálfum, ber að telja hana með sjálfteknum tekjum prestanna.

99 *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjar-
2. okt. fógetans á Ísafirði um sveitfesti þurfalings.*

Með brjefi, dags. 7. apríl þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti sent hingað brjef hreppsnefndar Nauteyrarhrepps, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 26. febrúar þ. á., um sveitfesti Jóninu nokkurrar Kristófersdóttur, en með úrskurði þessum hafið þjer ákveðið að hún skuli teljast sveitlæg í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Eftir að stjórnarráðinu með brjefi yðar, dags. 15. f. m., höfðu borist nýjar upplýsingar í málinu, hefir svofeldur úrskurður verið lagður á það.

Það er upplýst í málinu, að nefnd Jónina Kristófersdóttir er fædd í Nauteyrarhreppi 3. sept. 1866. Eftir 16 ára aldur dvaldi hún á ýmsum stöðum þangað til hún fluttist til Ísafjarðar árið 1898 og hefir dvalið þar samfleytt síðan, að því undanteknu, að hún flutti til Arnardals í Eyrarhreppi vorið 1904, dvaldi þar um sumarið og fluttist aftur til Ísafjarðar haustið 1904. Hinn 10. nóvbr. f. á. beiddist hún styrks úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, og var henni þá veittur 30 kr. bráðabirgðastyrkur eftir að aðsjónargjörð hafði farið fram og æfiferill hennar rannsakður. Fátækraneftnd Ísafjarðarkaupstaðar krafðist síðan, að fæðingarhreppur hennar, Nauteyrarhreppur, viðurkendi sveitfestina og greiddi $\frac{2}{3}$ af hinum veitta styrk, en hreppsneftndin neitaði hvortveggju þar sem hún leit svo á, að hún hefði unnið sjer sveit í Ísafjarðarkaupstað með rúmri 10 ára dvöl þar, og leiddi þetta til áðurnefnds úrskurðar yðar, sem síðan hefir verið áfrýjað, eins og að framan er greint.

Ágreiningurinn í máli þessu er einungis um það, hvort áðurnefnd brottför þurfalingsins til Arnardals vorið 1904 hafi orðið þess valdandi, að sveitfestisdvölin á Ísafirði hafi slitnað eða eigi. Hafið þjer verið fátækraneftnd kaupstaðarins samdóma um, að sveitfestisdvölin hafi slitnað, en hreppsneftnd Nauteyrarhrepps heldur hinu gagnstæða fram.

Um þetta atriði er það upplýst, að ástæðan til brottferðarinnar var sú, að nefndum kvenmanni, ásamt fylgimanni hennar, var sagt upp húsnæði því, sem þau höfðu haft á Ísafirði, og fóru þau því í vandræðum sínum til Arnardals og dvöldu þar nokkra mánuði. Þarsem ekkert er upplýst í málinu, er geri það líklegt, að fátækraftjörn Ísafjarðar hafi haft hönd í bagga með brottför þeirra, til að slíta sveitfestisdvölinu, og það getur eigi álitist, að þau hafi haldið heimilis-